

33 Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. okt. 1941 til að 22. febr. öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

34
22. febr.

ARÐSKRÁ OG GJALDSKRÁ

fyrir fiskræktar- og veiðifélag Litlárvatna.

Arður og gjöld skiptast milli allra þeirra jarða, er hér eru taldar, og eftir þeim hundraðshlutföllum er hér greinir:

	Hundraðshluti af arði eða gjöldum
Eyvindarstaðir I	4
Eyvindarstaðir II	2
Keldunes	8
Framnes	4
Kelduneskot	3
Lindarbrekka	3
Krossdalur	12
Austurgarðar	10
Laufás	10
Garður I	9
Garður II	9
Garður III	6
Nýibær	10
Arnanes	10

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941 til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1944.

Vilhjálmur Þór.

Gunnl. E. Briem.

35
8. marz

SAMÞYKKTIR

fyrir sparisjóð Raufarhafnar og nágrennis, Raufarhöfn.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Sparisjóður Raufarhafnar og nágrennis, og skal heimili hans og varnarþing vera á Raufarhöfn.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með 120 stofnbréfum, upphæð hvers stofnbréfs kr. 25.00 og má auka stofnféð með samþykkt aðalfundar.